

21. Frumvarp

til laga um byggingar á prestssetrum landsins.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

I. kafli.

Um byggingar íbúðarhúsa.

1. gr.

Ríkissjóður leggur fram, meðan á þarf að halda, kvaðalausán styrk til íbúðarhúsbyggingar, úr varanlegu efni, á prestssetrum landsins.

Skal, þegar ástæður þykja til, veita styrk þennan til allt að 4 íbúðarhúsbýgginga á ári, 10 þús. kr. til hvernar byggingar, eftir stærð húsa og kostnaðarverði. Auk þess gengur til húsbýggingarinnar andvirði niðurlagðra bæjarhúsa á prestssetrinu.

2. gr.

Kirkjujarðasjóður veitir lán til íbúðarhúsbýgginga samkv. 1. gr. Skal lánveitingin að jafnaði miðast við áætlunarverð hússins, að frádrögnum framlagi til byggingarinnar samkv. 1. gr., og má lánið aldrei fara fram úr 5000 kr. á hús.

Lánin ávaxtast og afborgast með 4% á ári. Af því eru 3¹/₂% vextir og 1¹/₂% afborgun.

3. gr.

Lán samkv. 2. gr. eru embættislán, og hefir því Kirkjujarðasjóður veð fyrir lánsupphæðinni og vöxtum af henni í öllum tekjum embættisins, og má draga vexti og afborgun lánsins frá launum prestsins, enda skal prestur jafnan sitja þar sem hús er byggt samkvæmt lögum þessum, nema leyfi kirkjustjórnar komi til.

4. gr.

Nú sækir prestur um styrk og lán til íbúðarhúsbýggingar á prestssetri. Skal ríkisstjórnin þá láta rannsaka, hvort þörf sé á nýrri byggingu. Reynist beiðni prestsins á rökum byggð, lætur ríkisstjórnin byggingarfróðan mann rannsaka alla aðstöðu, m. a. hvar, fá má notbæft steypuefni og hentugast hússtaði. Ríkisstjórnin lætur húsameistara gera uppdrátt að húsinu og kostnaðaráætlun, að frádrögnum því, er prestur og söfnuður leggja til samkv. 5. gr., og skal miða stærð húsa við aðstöðu á hverjum stað.

Ríkisstjórnin skal jafnan, er við verður komið, leita samvinnu við stjórn Byggingar- og landnámsjóðs um efniskaup til bygginga á prestsetrum.

5. gr.

Nú er ákveðið að reisa hús á prestsetri. Skal þá söfnuður kosta allan flutning á útlendu efni á byggingarstaðinn, frá næsta eða hentugasta viðkomustað flutningaskipa, sem tók eru á, að dómi ríkisstjórnar. Ennfremur skal söfnuðurinn kosta flutning innlands efnis og greiða gjald fyrir það, ef gjalda þarf. Sóknarnefndir skulu kjósa mann til að sjá um framkvæmd verksins í tæka tíð, og jafna síðan öllum flutningskostnaðinum niður, sem hundraðsgjaldi af sveitarútsvörum. Þar sem 2 eða fleiri hreppar eða hreppshlutar eru í einu prestakalli, skal fyrst skipta kostnaðinum niður á hreppana, að hálfu eftir skuldlausri eign safnaðarmanna samkvæmt síðustu skattaskrá, en að hálfu eftir tölu safnaðarmanna innan hvers hrepps eða hreppshluta. Skulu sóknarnefndir innheimta gjaldið hver í sinni sókn, og fylgir því lögtaksréttur.

Sóknarprestur skal leggja fram gróft allan fyrir grunni eða kjallara og tróð til byggingarinnar. Ennfremur skal presturinn greiða það, er kostnaðarverð hússins kann að fara fram úr áætlunarverði þess.

Ríkisstjórnin felur trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni, að sjá um efniskaup og ráða yfirmið i samráði við sóknarprestinn.

6. gr.

Nú er presti skylt að sitja í kaupstað eða kauptúni, og er þá því sveitar- eða bæjarfélagi, er hann situr í, skylt að leggja til hentuga lóð undir prestsetrið, án endurgjalds.

Þar sem söfnuður telur yfir 3 þús. fermdra safnaðarmanna, skal söfnuðurinn koma upp íbúðarhúsi handa prest (prestm) sinum, gegn þriðjungsframlagi úr ríkissjóði, þó aldrei yfir 7000 kr., enda hafi ráðuneytið samþykkt byggingaruppdrátt og kostnaðaráætlun. Skal sóknarnefnd (sóknarnefndir) þá jafna byggingarkostnaði niður á safnaðarmenn, eftir sömu reglum sem um flutningskostnað á efni, sbr. 5. gr. Skal hvert hús, sem þannig er byggt, vera eign safnaðar, undir yfirstjórn kirkjustjórnar, svo sem safnaðarkirkjur. Enda hafi prestur leigulausa íbúð, en greiði fyrningargjald og brunabótagjald og annist árlegt viðhald.

7. gr.

Helmingur styrks samkv. 1. gr. greiðist af hendi jafnskjótt og ríkisstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni, samkv. uppdrætti og áætlun, sé komið á byggingarstaðinn, og skirteini sýnir að það sé vátryggt. Síðari helmingur styrksins greiðist, þegar húsið er komið undir þak. Og lánsfé greiðist, þegar húsið hefir verið tekið út af trúnaðarmanni ríkisins sem fullbyggt og vandað samkv. uppdrætti.

Úttekt hússins skal fara fram jafnskjótt og smíðinni er lokið.

8. gr.

Umsóknir um styrk og lán samkvæmt lögum þessum, skulu komnar til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en í maímánuði árið áður, en ætlast er til að bygging fari fram. Og skal ríkisstjórnin hafa gefið presti svör við beiðni hans, eigi síðar en um miðjan september, sumarið áður en bygging er hafin. Nú sækja fleiri en fengið geta það ár. Skal þá veita styrkinn og lánið þeim, er þess hafa brýnasta þörf, að dómi kirkjustjórnar.

9. gr.

Nú brennur íbúðarhús eða bæjarhús á prestssetri, eða eyðist af náttúruvöldum, eftir að tekin hefir verið ákvörðun um, hvar byggja skuli prestsseturshús það ár eða næsta ár. Er ríkisstjórninni þá heimilt að veita fé, að svo miklu leyti, sem brunabótafé og eign prestakallsins í Fyrningarsjóði hrekkur ekki til að endurbyggja íbúðarhúsið, með sömu skilmálum og segir, í lögum þessum.

10. gr.

Nú er hús reist á prestssetri, samkvæmt lögum þessum. Skal prestur þá annast á eigin kostnað allt árlegt viðhald hússins, samkvæmt reglum, er ríkisstjórnin setur. Skal prófastur hafa eftirlit með því, að þeim reglum sé framfylgt, og tilkynna kirkjustjórninni ef misbrestur verður á.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur byggingarfróðan mann skoða hvert hús á 6 ára fresti. Komi það í ljós við skoðun að húsi sé ekki við haldið sem skyldi, getur ríkisstjórnin haldið presti til að bæta úr göllunum, með dagssektum, ef þurfa þykir. Ennfremur getur stjórnin látið bæta úr göllunum á kostnað prestsins, og má draga þann kostnað frá launum hans.

12. gr.

Nú er reist hús á prestsetri samkv. lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $\frac{1}{2}\%$ af styrk, samkv. 1. og 6. gr., í sjóð, sem skal vera eign prestakallsins og nefnist »Fyrningarsjóður«.

Prestur vátýggir húsið fyrir virðingarverð. Hann greiðir vátýggingargjaldið og tekur ríkisstjórnin bæði fyrningarsjóðsgjaldið og vátýggingargjaldið af launum prestsins.

Prófastur hefir umsjón með vátýggingunni undir yfirumsjón biskupsins.

13. gr.

Tekjur og eignir Fyrningarsjóðs skal ávaxta í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands, undir umsjón kirkjustjórnar.

14. gr.

Nú fellur hús, sem greitt er af fyrningargjald, eða verður óhæft til íbúðar fyrir venjulega fyrningu, og skal Fyrningarsjóður þá, innan 6 mánaða frá aðvörunardegi, leggja fram allt það fé, er sjóðnum hefir greiðst fyrir húsið, að viðbættum öllum vöxtum af árgjöldunum.

Nemi slit eða gallar á húsinu meiru en venjulegri fyrningu, bætir prestur það með álagi á venjulegan hátt.

Nemi eign prestakalls í Fyrningarsjóði einhvern tíma meiru en andvirði nýrrar húsbyggingar á prestsetri, skal leggja það fé, sem afgangsverður, á ný í Fyrningarsjóð.

15. gr.

Íbúðarhús, sem reist eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera skattfrjáls til ríkis, sýslu- og sveitar- eða bæjarfélags, svo sem kirkjur og skólar. Tekur ákvæði þetta og til eldri íbúðarhúsa, í opinberri eign, á prestssetrum landsins.

11. kafli.

Um byggingar peningshúsa.

16. gr.

Ábúendum prestssetra skal heimilt að vinna af sér eftirgjöld á ábýlisjörðum sínum, og því er þeim fylgir, með peningshúsabyggingum, úr varanlegu efni, á prestsetrum, með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

Hlöður teljast peningshús í lögum þessum.

17. gr.

Nú óskar ábúandi á prestssetri að vinna af sér eftirgjald, samkv. 16 gr. Lætur ríkisstjórnin þá rannsaka þörf nýrrar byggingar. Ef ráðuneytið telur bygginguna nauðsynlega, og að öðru leyti fært að sinna málinu eins og á stendur, lætur ríkisstjórnin hæfan mann rannsaka aðstöðu alla og gera uppdrátt og kostnaðaráætlun, svo sem segir í 4. gr., og skal ábúandinn síðan reisa húsið samkvæmt þeim uppdrætti eða öðrum, er ríkisstjórnin samþykkir.

Leggur ríkissjóður þá kvaðalaust fram járn og steinlím til byggingarinnar.

18. gr.

Pegar peningshús hefir verið reist samkvæmt lögum þessum, skal það tekið út af byggingarfróðum trúnaðarmanni ríkisstjórnar. Ef húsið reynist fullbyggt og vandað að dómi trúnaðarmanns, tekur ríkisstjórnin við því fyrir hönd jarðarinnar.

19. gr.

Nú er, að dómi ríkisstjórnarinnar, nauðsynlegt að reisa stærra peningshús úr varanlegu efni á prestssetri, en svo að 3ja ára eftirgjald hrökkvi fyrir byggingarkostnaðinum.

Lánar ríkisstjórnin þá fé úr Kirkjujarðarsjóði, ef prestur óskar, fyrir vinnu við steypu og tré, aðkeyptu efni, nema járn og steinlími, svo og fyrir helmingi flutningskostnaðar, ef aðdrættir eru sérstaklega erfiðir að dómi ríkisstjórnar.

Allt annað framlag ábúanda til byggingarinnar telst fyrirframgreiðsla eftirgjaldsins.

20. gr.

Lán samkv. 20. gr. eru embættislán gegn veði í tekjum embættisins, og ávaxtast þau og endurgreiddast með $4\frac{1}{2}\%$ á ári. Af því eru $3\frac{1}{2}\%$ vextir og 1% afborgun.

21. gr.

Ábúandi greiði 1% af framlagi ríkissjóðs til peningshúsa, sem byggð eru samkv. lögum þessum, í »Fyrningarsjóð peningshúsa«.

Um eftirlit og viðhald fer að öðru leyti eftir ákvæðum 10., 11. og 14. greinar.

22. gr.

Fyrningarsjóður peningshúsa skal vera eign prestakallsins. Um stjórn hans og ávöxtun, svo og hvenær til hans skuli taka, fer á sama hátt og segir í 13. og 14. gr. um »Fyrningarsjóð íbúðarhúsa«.

23. gr.

Nú deyr ábúandi á prestssetri, eða flytzt burtu, áður en afgjöld prestsetursins hafa numið fyrirframgreiðslum hans, samkv. 17. og 20. gr. Endurgreiðir ríkisstjórnin þá fráfaranda, eða dánarbúi hans, afgjald prestsetursins á næsta ári eða árum, svo sem nemur því, er á vantar.

Niðurlagsákvæði.

24. gr.

Þyki á einhverjum tíma ekki fært að veita lán úr Kirkjujarðasjóði, samkv. lögum þessum, veitir ríkisstjórnin þá lánsupphæð, er á vantar, úr ríkissjóði með sömu kjörum, ef ríkisstjórnin telur fe fyrir hendi.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 30 frá 16. nóv. 1907, og lög nr. 25, frá 20. okt. 1913 um breytingu á þeim lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er undirbúið af Kirkjumálanefnd, og lagt fyrir með litlum breytingum frá því sem nefndin lagði til. Byggingarmál prestssetranna, einkum í sveitunum, hefir lent í öngþveiti, síðan byggingarkostnaður varanlegra húsa hækkaði um og eftir heimsstyrjöldina. Síðan þá hafa verið byggð allmörg prestssetur, og hefir verð þeirra verið frá 20—40 þús. kr. Hafa mörg missmíði verið á þeim framkvæmdum, og er varla sýnilegt að landið risi undir að byggja mikinn fjölda svo dýrra embættisbústaða. Með frv. þessu er leitast við að stilla í hóf með eyðslu í þessum eignum, og koma föstu skipulagi á málið, þannig að ríkissjóður, sóknarboðnin í hverju prestakalli og presturinn sjálfur, vinna saman að því að koma upp vönduðum, varanlegum og ekki of dýrum byggingum á prestssetrum landsins.